



FJÖLMÍDLANEFND

15. ágúst 2016
Ákvörðun nr. 6/2016

Efni: Áfengisauglýsing í Garðapóstinum

I. Kvörtun og málsatvik

1. Kvörtun

Fjölmiðlanefnd barst þann 27. maí 2016 kvörtun frá Hreini Loftssyni, stjórnarformanni Birtíngs útgáfufélags ehf., vegna bjórauglýsingar sem birst hafði á baksíðu Garðapóstsins, 17. tbl., 27. árg., sem út kom fimmtudaginn 26. maí 2016. Í kvörtuninni kom fram að auglýstur hafi verið Stella Artois bjór í tengslum við golfmót hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar (GKG). Var talið að um brot á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 væri að ræða. Talið var að brotið væri alvarlegt, en í erindinu sagði:

„Þetta er baksíðuauglýsing í blaði sem dreift er í flest ef ekki öll íbúðarhús í Garðabæ og er þannig ekki síður beint gegn börnum og unglingum heldur en öðrum sem fá blaðið í hendur. Klikt er út með því að „allir séu velkomnir í fjörið eftir mót“ og þar verði léttar veitingar „...og auðvitað Stella Artois“.



FJÖLMIÐLANEFND

2. Málsvik

Auglýsingin samanstóð af heilsíðumynd af bjórflösku með vörumerkinu Stella Artois og bjórglasi með sama vörumerki, á hvítu timburborði. Í bakgrunni var golfvöllur og blár himinn. Ofarlega á síðunni, fyrir miðju, var letraður eftirfarandi texti:

Sumarsólstöðumót.

STELLA ARTOIS

4. júní 2016 – Leirdalsvöllur – Golfklúbbur GKG

Tveggja manna Texas Scramble með forgjöf

1. verðlaun

VIP ferð fyrir tvo á THE OPEN

Glæsilegar teiggjafir / Dregið úr skorkortum

Kvöldskemmtun og verðlaunaafhending í skólanum að móti loknu um kl. 22:00

Neðarlega á síðunni, fyrir miðju, var letraður eftirfarandi texti:

Allir velkomnir í fjörið eftir mót. Veislustjóri er Gunnar Hansson.

Hundur í óskilum skemmtir gestum og Frímann Gunnarsson lítur við.

Léttar veitingar og auðvitað Stella Artois!

Neðst í hægra horni auglýsingasíðunnar sást vörumerki Stella Artois en í vinstra horni var einkennismerki THE OPEN.

II. Málsmæðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Með erindi dags. 3. júní sl. óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum og sjónarmiðum Garðapóstsins vegna meintra brota á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um auglýsingar á áfengi. Fram kom að fjölmiðlanefnd teldi auglýsingu þá sem kvartað hafði verið yfir falla undir skilgreiningu 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um viðskiptaboð fyrir áfengi þar sem að ekki væri vísað til vörutegundar sem hefði minna en 2,25% áfengisinnihald.

Tekið var fram að brot á IV. kafla laga um viðskiptaboð varða stjórnvaldssektum skv. n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla og refsingu skv. n-lið 1. mgr. 56. gr. laga um fjölmiðla. Þá óskaði fjölmiðlanefnd ennfremur eftir upplýsingum um tekjur Garðapóstsins, vegna meintra brota á ákvæðinu, en skv. 4. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla skal við ákvörðun sektar m.a. tekið mið af tekjum fjölmiðla af broti. Þess var óskað að sjónarmið og upplýsingar Garðapóstsins bærust



FJÖLMIDLANEFND

fjölmiðlanefnd eigi síðar en 20. júní sl. Þann 21. júní var beiðnin ítrekuð og kom þá í ljós að bréf nefndarinnar hafði ekki borist ábyrgðarmanni Garðapóstisins. Var erindi fjölmiðlanefndar þá sent með tölvupósti 21. júní og var tekið fram að í ljósi aðstæðna væri frestur framlengdur til 27. júní.

2.

Svar Valdimar Tryggva Kristóferssonar, ábyrgðarmanns og eiganda Garðapóstisins, barst með tölvupósti 26. júní sl. Þar baðst ábyrgðarmaður afsökunar á birtingu áður nefndrar auglýsingar. Kvað hann auglýsinguna hafa birst í blaðinu fyrir mistök en hún hafi verið pöntuð vegna Sumarsólstöðumóts í golfi á golfvelli Golfklúbbs Garðabæjar. Tekið var fram í erindi Garðapóstisins að þess yrði gætt að áfengisauglýsingar birtust aldrei aftur í blöðum á vegum útgefanda. Þá var upplýst um tekjur Garðapóstisins vegna sölu á auglýsingum.

III. Niðurstaða

Í 1. málslíð 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að óheimil séu viðskiptaboð og fjarkaup fyrir tóbaksvörur og áfengi, sem og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Þá segir í 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. að fullyrðingar sem fram komi í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þurfi að vera hægt að færa sönnur á.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að ákvæði 3. málsl. hafi verið sett fram til að taka af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjavörur sem verið væri að auglýsa væru sannanlega á markaði fyrir neytendur. Þar sé átt við drykki sem hafi minna en 2,25% áfengisinnihald. Í greinargerð með frumvarpinu segir jafnframt að markmið reglu 4. mgr. 37. gr. sé meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig er tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings.

Að öllu framangreindu virtu telur fjölmiðlanefnd að áður nefnd auglýsing falli undir skilgreiningu 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um auglýsingu fyrir áfengi. Þá sé ljóst að í auglýsingunni sé ekki vísað til vörutegundar sem hafi 2,25% eða minna áfengisinnihald.

Við málsmeðferðina hefur ábyrgðarmaður Garðapóstisins viðurkennt að mistök hafi átt sér stað á vettvangi félagsins og fallist á að með birtingu auglýsingar frá Golfklúbbsi GKG í Garðapóstinum, þar sem auglýstur var bjór með vörumerkinu Stella Artois, sem Haugen-Gruppen hefur umboð fyrir hér á landi, hafi verið brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Þá hefur komið fram að ábyrgðarmaður Garðapóstisins muni tryggja að frekari birting auglýsingarinnar og sambærilegra auglýsinga eigi sér ekki stað í fjölmiðlum á hans vegum. Ennfremur er ljóst að um er að ræða fyrsta brot Valdimars Tryggva Kristóferssonar gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.



FJÖLMIDLANEFND

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið ákvæði 4. mgr. 37. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 5. mgr. 54. gr.

Í ljósi viðbragða Valdimars Tryggva Kristóferssonar, ábyrgðarmanns Garðapóstisins, sem þegar í stað hefur gripið til aðgerða til að tryggja að frekari birting áfengisauðglýsinga eigi sér ekki stað í fjölmiðlum á hans vegum, og með vísan til þess að um er að ræða fyrsta brot ábyrgðarmanns gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

IV. Ákvörðunarorð

„Valdimar Tryggvi Kristófersson braut gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með birtingu áfengisauðglýsingar frá Golfklúbbi GKG í 17. tbl. Garðapóstisins, 27. árg., sem út kom fimmtudaginn 26. maí 2016. Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“

Ingvi Hrafn Óskarsson

Hulda Árnadóttir

Arna Schram

Salvör Nordal

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson